



Stafrænt pósthólf

Birting skjala í pósthólfi island.is



Hverjir koma að verkefninu



Karen María
Jónsdóttir



Stafrænir leiðtogar
allra sviða



Hlöðver Geir
Tómasson



Sólveig
Skaftadóttir



Verkefnahópur
Lögfræðingateymi
Birta Svavarsdóttir
Hlöðuteymi
UTR




Bakgrunnur

Lög um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda - 2021 nr. 105 25. júní

Markmið laganna er að stuðla að skilvirkri opinberri þjónustu, auka gagnsæi við meðferð mála og hagkvæmni í stjórnslu og tryggja örugga leið til að miðla gögnum til einstaklinga og lögaðila. Jafnframt er það markmið laganna að meginboðleið stjórnvalda við einstaklinga og lögaðila verði stafræn og miðlæg á einum stað.

Í stafrænu pósthólfi skal lögum samkvæmt birta hverskonar gögn, sem verða til við meðferð máls hjá stjórnvöldum svo sem tilkynningar, ákvarðanir, úrskurði, ákvaðir, sektir og niðurstöður.

Þá hefur birting þessara gagna réttaráhrif er varða þær stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru sem og veitingu rökstuðnings og þann hluta málsmeðferðar sem snýr að kærufjerli þeirra sömu ákvarðana og leiðbeiningar þar að lútandi.





Innleiðing

Samkvæmt innleiðingaráætlun ráðuneytisins, sem er fylgigagn með lögnum, eigum við að vera búin að klára innleiðinguna fyrir lok september. Það mun ekki takast, við erum þó í góðum samskiptum við Stafrænt Ísland um stöðu innleiðingar hjá okkur og höldum áfram að vinna að málinu þangað til því lýkur.






Bakgrunnur



Á hverjum degi berast borginni margvísleg erindi og umsóknir sem þarf að svara og/eða taka ákvörðun um samkvæmt reglum um opinbera stjórnsýslu. Þessi erindi verða í flestum tilfellum að málum í málakerfum/bakvinnslukerfum en sum sitja í pósthólfum þaðan sem þeim er svarað og svörin vistuð í Hlöðunni.



Bakgrunnur



Einn stór galli við þetta fyrirkomulag er sá að tímasetning kærufrests er ekki skýr og alls ekki aðgengilegur þar sem um tímastimpil í tölvupósti er að ræða. Tímastimplaður póstur er þá til í innboxi málshefjanda, sem tilfallandi tekur eftir póstinum, og síðan úr útboxi úrvinnsluaðila erindisins.



Bakgrunnur




Með birtingu gagna í rafrænu pósthólfi, eins og við sjáum á island.is þá er birtingartími og dagsetning svarbréfa og skjala ótvíræður ásamt því að svarbréfið týnist ekki í tölvupósti heldur er eftirleiðis aðgengilegt á sérstökum stað ætluðum öllum stjórnvaldsákvörðunum. Lögin taka hér af allan vafa.



Ávinningur

- Einn staður þar sem borgin birtir allar sínar stjórnvaldsákvarðanir og virkjar þar með réttaráhrif þeirra.
- Leið til þess að senda borgarbúum bréf og erindi með öruggum hætti, þar sem þeir geta nálgast þau aftur eftir þörfum.
- Dagsetning birtingar verður skýr og þar af leiðandi fer ekkert á milli mála hver birtingatími og dagsetning svarbréfa og skjala verður.
- Til lengri tíma litið mun þetta einfalda og spara vinnu starfsfólks.
- Á sama tíma er tilgangurinn að útleiða bréfasendingar og tölvupósta.





Fasi 1

Greining á málaflokkum fór fram í upphafi árs. Lögfræðingar PON leiddu þá vinnu í samstarfi við lögfræðinga af öllum sviðum borgarinnar.

- Mat lagt á hvaða gögn skulu birt
- Tekin afstaða til álitamála
- Farið var í gegnum alla málaflokka og þau lög, reglugerðir og reglur sem þjónusta innan þessara málaflokka byggir á.
- Niðurstaðan er að eru hátt í **350** stjórnvaldsákvarðanir eru teknar innan borgarinnar

	A	B	C	D	E	F	G	H	I	J	
1	Lög/reglug/sambýkt	Grein	Málgrein	Krafa	Tegund	tegund sendingar	Athugasemd/skoðun skjálistið	Kerfi	Ákveðun	Rökstuðningur	Kera
4		14		Ums. um framkvæmdaleyfi vegna matsskyldra framkvæmd.	Svarbréf	Lögbirtingablað og dagblað	Mögulega, til þess að birta stökum einstaklingum bréf.	Haðan	Skipulagsfulltrúi		Órskun
5		30	1	Skipulagslýsing aðalskipulags	Auglýsing	Dagblað, netið, tölvupóstur til umsagnarabíla	Nei	Haðan	Skipulagsnefnd		
6		31		Auglýsing nýs aðalskipulags	Auglýsing	Lögbirtingablað, dagblað, netið	nei	Haðan?	Skipulagsnefnd	Já	
7		36	2	Breyting á aðalskipulagi	Auglýsing	Lögbirtingablað, dagblað, netið	nei	Haðan	Skipulagsnefnd	Já	
8		41		Auglýsing nýs deiliskipulags	Auglýsing	Lögbirtingablað, dagblað, netið	nei	Haðan?	Skipulagsnefnd	Já	Órskun
9		43 og 41		Breyting á deiliskipulagi	Auglýsing	Lögbirtingablað, dagblað, netið	nei	Haðan	Skipulagsnefnd	Já	Órskun
10		43 og 44		Grenndarkynning	Bref	Brefpóstur, birta á heimasíðu borgarinnar	Já, til þess að birta stökum einstaklingum bréf	Haðan	Skipulagsnefnd	Já	Órskun
11				Bref til hagsmunaaðila vegna auglýsingar	Tilkynning	Brefpóstur	Já, til þess að birta stökum einstaklingum bréf	Haðan		Nei	Nei
12		40		Skipulagslýsing deiliskipulags	Auglýsing	Dagblað, netið, tölvupóstur til umsagnarabíla	Nei	Haðan	Skipulagsnefnd		
13		40		Skipulagslýsing deiliskipulags	Tilkynning	Brefpóstur	mögulega, til þess að birta stökum einstaklingum bréf	Haðan			Nei
14				Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa	Svarbréf	Brefpóstur	mögulega, til þess að birta stökum einstaklingum bréf en ætti heima á minum síðum. 2.forgangur	Haðan	Skipulagsfulltrúi	Já	Nei, m
15				Umsókn til skipulagsfulltrúa	Tilkynning	Tölvupóstur	mögulega, til þess að birta stökum einstaklingum bréf	Haðan	Skipulagsfulltrúi	Já	Já
16				Niðurfelling máls	Tilkynning	Brefpóstur	Mögulega, en ætti frekar heima rafrænt á minum síðum með umsóknarferti.	Haðan	Skipulagsfulltrúi		
17				Bref til athugasemdarabíla	Tilkynning	Brefpóstur	mögulega en ég held að það sé venja að senda bréf í tölvupósti eins og þau birtust	Haðan			Nei
18				Bref til umsagnarabíla	Tilkynning	Brefpóstur	mögulega en ég held að það sé venja að senda bréf í tölvupósti eins og þau birtust	Haðan			Nei
19		41		Nýtt hverfis skipulag	Auglýsing	Lögbirtingablað, dagblað, netið	Nei	Haðan	Skipulagsnefnd		
20		43 og 41		Breyting á hverfisskipulagi	Auglýsing	Lögbirtingablað, dagblað, netið	Nei	Haðan	Skipulagsnefnd		




Tæknitengingar tilbúnaar

- Tæknitengingar eru þegar orðnar virkar og UTR hefur sett þær upp í samræmi við þær kröfur sem Stafrænt Ísland gerir í sínum tæknilýsingum.
- Vefþjónustur eru í API Gateway sem hjúpa samskiptin við Pósthólfið.
- MSSQL gagnagrunnur geymir afrit af öllum skjölum sem send eru svo þau geti verið aðgengilega á miðlægum stað frá vefsvæði Island.is.
- Einnig verður möguleiki fyrir Íbúagátt/Mínar síður Reykjavíkurborgar að nálgast þau skjöl til birtingar fyrir viðtakendur.



Hvernig ferðast upplýsingarnar





Hvað er í gangi?



Komið inn í stafrænt pósthólf á island.is

- Starfsvottorð (FAS)
- Birting launaseðla (FAS)
- Tilkynning vegna fasteignagjalda (FAS)
- Álagningaseðill fasteignagjalda (FAS)
- Birtingar frá Bílastæðasjóði (FAS) (Advania)
- Umsókn um akstursþjónustu (VEL)



Texti, tónn og útlit


- Samræmi í texta og tón þvert á svið. - Í samráði við sérfræðing í textagerð er unnið að leiðbeiningum til þess að uppfæra skjöl sem birtast í stafrænu pósthólfi. VEL er komið lengst í þessu ferli og er þeirra vinna fyrirmynd.
- Stafrænir leiðtogar eru tengiliðir við sviðin og vinna með þeim í þessari uppfærslu.
- Vinna við samræmingu á efnislínu - Skjalastjórar koma að þeirri vinnu



Hvað er í gangi?

Hlaðan

- Hlaðan er upplýsingastjórnunarkerfi og okkar daglega vinnuumhverfi hjá Reykjavíkurborg. Þaðan munu flest skjöl fara inn í stafrænt pósthólf.
- Í samstarfi við þjónustuaðila er verið að vinna að tengingu úr Hlöðunni við skjalaveitu borgarinnar sem hefur verið þróuð til þess að öll kerfi borgarinnar geti nýtt sér. En skjölin eru í raun ekki send til Island.is, heldur aðeins tilvísun. Þ.e.a.s. hver stofnun geymir sín skjöl og Island.is fær vefþjónustu/endapunkta til að sækja skjalið.





Samtal við Samband Íslenskra Sveitarfélaga

Samtal á milli Reykjavíkurborgar og Sambands Íslenskra Sveitarfélaga hefur verið virkt varðandi þetta verkefni.

Reykjavíkurborg dregur vagninn að mörgu leyti.

Nokkrar sameiginlegar áskoranir hafa m.a. verið ræddar á þessum vettvangi. Bæði tæknilegs eðlis en einnig varðandi flokkun erinda og forgangsröðun. Einnig spurningar varðandi réttinn til þess að vera ekki með stafrænt pósthólf.



Samtal við ýmsar stofnanir ríkisins

Samtal á milli Reykjavíkurborgar og ýmissa stofnana Ríkisins fór fram í 1. fasa þar sem farið var yfir innleiðinguna hjá Reykjavíkurborg.



Spurningar?



Reykjavík